


Nr.: VKL-206	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2022	<b>Meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi</b>  <b>- starfsfólk -</b>	
Höfundur: LGJ/FDB/PS		
Ábyrgðaraðili: Konrektor		
Samþykkt: Rektor (HSP)		
Síða 1 af 4		

## 1. Tilgangur

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að skýrar reglur og vönduð vinnubrögð séu viðhöfð í eineltis, áreitni og ofbeldismálum er upp kunna að koma í Menntaskólanum við Sund. Að brugðist sé við slíkum málum og úr þeim unnið á faglegan hátt.

## 2. Gildissvæði (umfang)

Verklagsreglan gildir um öll eineltis, áreitni eða ofbeldismál er varða starfsfólk sem upp kunna að koma í skólanum, í ferðum eða samkomum á hans vegum.

## 3. Hugtök


Listi yfir þau hugtök sem notuð eru í þessum kafla er að finna í Rekstrarhandbók í skjalinu INN-004 Hugtök og skilgreiningar.

## 4. Ábyrgð

**Rektor** ber ábyrgð á því að starfsmenn skólans séu upplýstir um verklagsregluna.


**Konrektor** ber ábyrgð á því að kalla til aðila úr aðgerðahópi EKKO mála þegar tilkynning berst. Hann ber einnig ábyrgð á því að vinna aðgerðahóps sé í samræmi við þá ferla sem verklagsreglan lýsir.


**Starfsfólk skólans** ber ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni.

Nr.: VKL-206	<b>Menntaskólinn við Sund</b>	<b>Meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi</b>  - starfsfólk -	 MENNTASKÓLINN VIÐ SUND
Útgáfa: 01			
Dags.: 25.10.2022			
Höfundur: LGJ/FDB/PS			
Ábyrgðaraðili: Konrektor			
Samþykkt: Rektor (HSP) Síða 2 af 4			

## 5. Framkvæmd

Eftirfarandi flæðirit lýsir meðferð eineltis, áreitnis og ofbeldismála þegar um starfsfólk er að ræða.




Nr.: VKL-206	<b>Menntaskólinn við Sund</b>	 MENNTASKÓLINN VIÐ SUND
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2022		
Höfundur: LGJ/FDB/PS		
Ábyrgðaraðili: Konrektor		
Samþykkt: Rektor (HSP)		
Síða 3 af 4	<b>Meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi</b>	
	<b>- starfsfólk -</b>	

#### Nánari útskýringar með flæðiriti:

- 1 Starfsmaður sem hefur grun um, vissu fyrir eða verður sjálfur fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi getur:
  - 1) Tilkynnt málið til konrektors
  - 2) Leitað eftir trúnaðarsamtali við konrektor. Í framhaldi af því getur viðkomandi ákveðið að tilkynna málið eða óska eftir því að málið verði tekið til meðferðar ef svo ber undir (aðeins meintur þolandi getur óskað eftir meðferð máls).

**Ath. ef konrektor er aðili máls er það rektor sem er í hlutverki hans í málinu og málið stofnað á læstri rás á Teams svæðinu.**
- 2 Í þeim tilvikum þar sem ákveðið er að tilkynna mál (þ.e. tilkynnandi er ekki aðili máls) er ávallt rætt við meintan þolanda sem tekur ákvörðun um hvort óskað er meðferðar máls. Ávallt skal lögð rík áhersla á fagleg vinnubrögð, trúnað, að fylgja lögum og að unnið sé með málið í samráði við meintan þolanda.
- 3 Konrektor stofnar mál og málsskjal (GÁT-033) á Teams svæði aðgerðahóps EKKO-mála. Aðgerðahópur hefur aðgang að skjalinu ásamt rektor, en enginn annar. Allar aðgerðir, samskipti, fundagerðir og aðrar upplýsingar eru færðar til bókar í máli.
- 4 Konrektor virkjar aðgerðahóp EKKO-mála.
- 5 Aðgerðarhópur skipuleggur rannsókn máls. Verkefnum er úthlutað til einstakra aðila í aðgerðarhópi svo sem að taka viðtöl við málsaðila og safna þannig gögnum. Upplýsingar eru færðar inn í málsskjal jafnóðum. Rannsókn máls er hætt þegar aðgerðarhópur er sammála um að 1) nægilegar upplýsingar liggi fyrir eða 2) að ekki sé hægt að afla frekari upplýsinga.
- 6 Þegar rannsókn máls er lokið tekur aðgerðarhópur ákvörðun um næstu skref, til hvaða aðgerða skuli grípa eða hvaða viðurlögum skuli beitt. Ákvörðun grundvallast meðal annars á landslögum. Aðgerðahópur skal taka ákvörðun um til hvaða aðgerða skuli grípa eða hvaða viðurlögum skuli beitt svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir ósk um meðferð máls nema sérstakar ástæður hamli. Skal þolandi þá upplýstur um ástæður tafar og hvenær vænta má ákvörðunar. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.
- 7 Konrektor boðar málsaðila hvern í sínu lagi til fundar og skýrir frá niðurstöðu aðgerðahóps. Þær aðgerðir og/eða viðurlög sem ákveðin voru koma til framkvæmda. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.
- 8 Aðgerðahópur tekur afstöðu til þess hvort þörf sé á eftirfylgni og þá hverslags. Afstaða færð til bókar í málsskjali.
- 9 Aðgerðahópur fylgir máli eftir samkvæmt áætlun. Niðurstaða færð til bókar í málsskjali.
- 10 Máli lýkur þegar eftirfylgni telst lokið (þegar það á við) annars þegar aðgerðahópur telur málinu lokið. Niðurstöður máls eru færðar til bókar í málsskjali. Konrektor skjalavistar öll gögn máls í málaskrá skólans.

## 6. Tilvísanir í skjöl/gögn

Nr.: VKL-206	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2022	<b>Meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi</b>  <b>- starfsfólk -</b>	
Höfundur: LGJ/FDB/PS		
Ábyrgðaraðili: Konrektor		
Samþykkt: Rektor (HSP)		
Síða 4 af 4		

INN-004 Hugtök og skilgreiningar

GÁT-033 Skráning eineltis, áreitnis og ofbeldismála - starfsfólk

## 7. Skjalavistun/varðveisla

Skrár sem verða til við vinnslu EKKO mála sem tengjast nemendum eru vistaðar á Teams svæði aðgerðahóps EKKO mála á meðan á vinnslu máls standur. Við lokun máls í rafrænni skjalaskrá skólans.